

## Fundargerð aðalfundar Rauða kross Íslands haldinn í Stapanum laugardaginn 21. maí 2011

### Setningarávrörp

-Anna Stefánsdóttir

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til aðalfundar Rauða kross Íslands 2011 og vonaðist til að fundurinn yrði árangursríkur. Að því búnu bað hún fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna féлага.

Anna minntist þess að árið í ár er bæði alþjóðlegt og evrópskt ár sjálfbóðaliðans og að Rauði krossinn væri stærsta mannúðarhreyfing heims, sem borin væri uppi af sjálfbóðaliðum. Einn af hverjum tvö þúsund jarðarbúum starfa sem sjálfbóðaliðar innan hreyfingarinnar. Hér á landi lætur nærri að einn af hverjum hundrað íbúum séu sjálfbóðaliðar Rauða kross Íslands og megum við vera stolt af þeirri staðreynd. Sjálfbóðaliðar bjóða fram fjölbreytta krafta sína samfélaginu til góðs, en það er oft vanmetið hvað það skiptir miklu máli að viðbúnaður og skipulag sé til staðar. Hreyfingin sækir styrk sinn til sjálfbóðaliðans. Starf hans er forsendan fyrir því að hægt sé að bregðast við og hjálpa á neyðarstundu. Allt það skipulag, námskeið og þjálfun sem þarf að fara fram til þess að af þessu geti orðið er á tíðum lítils metið, en þegar upp er staðið eru það þeir sem kunna til verka sem mestu bjarga.

Þegar rætt er um stuðning Rauða krossins við þá sem höllum fæti standa hér á landi, ber jafnframt að hafa í huga mikilvægi þess að við gleymum ekki þeim ríku skyldum, sem við höfum við fólk í öðrum löndum sem býr við landlæga fátækt, sjúkdóma og hörmungar hamfara og átaka.

Við erum stöðugt minnt á að halda vöku okkar vegna þeirra sem berskjaldaðir eru. Það er þekkt að staða þeirra sem verst standa versnar enn þegar harðnar á dalnum og þar hefur Rauði krossinn mikilvægu hlutverki að gegna. Á þessum fundi erum við að horfa til framtíðar. Ný stefna, sem við væntanlega afgreiðum hér í dag og mótuð er af tillögum sjálfbóðaliða hreyfingarinnar sýnir metnað.

Rauði krossinn stendur nú frami fyrir því að tekjur félagsins eru að dragast saman, þó svo að ljósir punktar séu einnig sjáanlegir í kortunum. Sífellt stærri hluti tekna félagsins er eyrnamerktur og fer til fyrirfram ákveðinna verkefna.

Það er áskorun að fylgja eftir metnaðarfullri stefnu við þessar aðstæður, en reynir jafnframt á að finna verði nýjar leiðir til þess að ná markmiðum okkar.

Við getum horft stolt um öxl og verið bjartsýn til framtíðar litið, fullviss um þá einingu sem ríkir í hreyfingunni til þess að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum berskjölduðum til hagsbóta.

Anna skoraði á alla að halda áfram þeirri vegferð með góðu og kraftmiklu starfi.

Að því búnu var sýnt myndband af starfi félagsins.

Að lokum lýsti formaður aðalfund Rauða kross Íslands 2011 settan.

-Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Lýsti yfir þakklæti yfir að fundurinn skyldi haldinn í Reykjanesbæ og ánægju sinni yfir því ágæta samstarfi sem sveitarfélagið ætti við Rauða krossinn. Árni nefndi sérstaklega tvö verkefni af þeim fjölmörgu sem samstarf er um. Annað er þjónusta við hælisleitendur, en þar hafa allir unnið saman fórnfúst starf og gott.

Hitt verkefnið sem Árni nefndi er nýlega stofnuð Fjölsmiðja á Suðurnesjum sem er úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum. Árni notaði tækifærið til þess að þakka fundarmönnum fyrir það framtak og frumkvöðlastarf sem hefur verið unnið fyrir ungt fólk, jafnt á Akureyri, í Kópavogi og nú síðast í Reykjanesbæ. Bæjarstjóri hvatti fundarmenn að lokum til þess að kynna sér það sem Suðurnesin hefðu upp á að bjóða.

-Rúnar Helgason, formaður Suðurnesjadeildar

Rúnar bauð alla velkomna á Suðurnes og í Stapanum og óskaði þess að allir ættu góðan og málefnalegan fund.

Hann sagði stuttlega frá stofnun og starfi deildarinnar, en Suðurnesjadeild varð til árið 1983 við sameiningu Keflavíkur- og Njarðvíkurdeildar. Rúnar sagði starf deildarinnar hafa þróast mikið frá stofnun og mörg verkefni í gangi í dag. Hann nefndi sérstaklega verkefni í samstarfi við aðra, s.s. Vinnumálastofnun, verkefni fyrir ungt fólk (Ungt fólk til athafna) og ÞOR (þekking og reynsla) fyrir eldri atvinnuleitendur og ekki síst Fjölsmiðjuna. Hann sagði verkefni tengd hruninu hafa aukist jafnt og þétt frá haustinu 2008.

Rúnar tilkynnti því næst um nokkur atriði varðandi dagskrána fram á kvöld og afþreyingu fyrir maka fundarmanna.

### Tónlistaratriði í boði Suðurnesjadeildar.

Léttsevit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar lék nokkur lög við góðar undirtektir.

### **Viðurkenningar til sjálfbóðaliða og verkefna**

Anna Stefánsdóttir þakkaði bæjarstjóra hlý orð í garð Rauða krossins og Suðurnesjadeild fyrir góðar móttökur í Stapanum. Í ár eru veittar sex viðurkenningar í stað fimm líkt og vaninn er, í tilefni þess að nú er ár sjálfbóðaliðans. Viðurkenningar fengu eftirtaldar konur og verkefni.

*Guðrún Ólafsdóttir, Kvennadeild Reykjavíkurdeildar.* Veitti forstöðu bókasafni Sjúkrahótelsins og sat í stjórn Kvennadeildarinnar um árabíl. Guðrún hefur verið sjálfbóðaliði frá 1985.

*Guðrún Pálsdóttir, Öfundarfjarðardeild.* Tók þátt í að endurreisa Öfundarfjarðardeild eftir snjóflóðin á Flateyri 1995 og hefur unnið ötullega að starfinu síðan þá.

*Kristín Gestsdóttir, Suðurnesjadeild.* Hefur starfað innan Rauða krossins síðan 1944 og er enn í dag sjálfbóðaliði í heimsóknnum.

*Ragna María Gunnarsdóttir, Kvennadeild Reykjavíkurdeildar.* Var lengi forstöðukona bókasafnsins á Borgarspítala þar sem hún var sjálfbóðaliði frá árinu 1984.

*Sigrún Gerða Gísladóttir, Öfundarfjarðardeild.* Tók þátt í að endurreisa Öfundarfjarðardeild eftir snjóflóðin á Flateyri 1995 og hefur unnið ötullega að starfinu síðan þá.

*Þóra Stefánsdóttir, Kvennadeild Reykjavíkurdeildar.* Veitti lengst af forstöðu bókasafninu á Landspítala við Hringbraut.

Þau verkefni sem viðurkenningu hlutu fyrir framúrskarandi starf sneru öll að ungmennum.

*Kópavogsdeild fyrir Eldhuga og Enter.* Enter er fyrir innflytjendur á aldrinum 9-12 ára og hófst árið 2004 með það markmið að auðvelda börnunum aðlögun og þátttöku í íslensku samfélagi. Eldhugar er fyrir börn á aldrinum 13-16 ára og markmiðið er að börn af erlendum sem og íslenskum uppruna vinni saman að betra samfélagi án mismunar og fordóma.

*Akranesdeild, Hafnarfjarðardeild, Kjósarsýsludeild, Kópavogsdeild, Reykjavíkurdeild og Suðurnesjadeild fyrir Ungt fólk til athafna (UFTA).* Verkefnið eru rekin í samstarfi við Vinnumálastofnun og markmiðið að veita ungum atvinnuleitendum tækifæri til að virkja sig í sjálfbóðaliðastarfi á meðan atvinnuleit stendur. Markmiðið var að tryggja sjálfbóðastörf fyrir allt að 180 atvinnuleitendur, en alls voru 387 skráðir í verkefnið árið 2010.

### **Aðalfundarstörf skv. 6.gr. laga Rauða kross Íslands:**

#### **1. Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins.**

Mættir eru 93 fulltrúar frá 33 deildum og 12 varafulltrúar. Fulltrúar 7 deilda komust ekki á fundinn vegna ófærðar. Lagt var til að ekki þyrfti að lesa upp nöfn allra fundarmanna, og var það samþykkt með lófataki. Kjörbréf voru síðan borin upp og samþykkt.

#### **2. Fundarstjóri kosinn:** Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri í Sandgerði.

#### **3. Fundarritarar kosnir:** Guðný Björnsdóttir svæðisfulltrúi á Norðurlandi og Silja Ingólfsdóttir svæðisfulltrúi á höfuðborgarsvæði.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn, úrskurðaði að til aðalfundar hafi verið boðað í samræmi við lög félagsins, farið hafi verið yfir kjörbréf deilda og fundurinn samþykkt þau. Skoðaðist því fundurinn lögmætur.

#### **4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar.** Enginn tók til máls um fundargerðina og var hún samþykkt.

#### **5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.**

*Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins .*

Formaður sagði frá fjölbreyttu starfi Rauða krossins á síðasta ári og því starfi sem unnið var í þágu þeirra sem höllum fæti standa. Nefndi hún stuðninginn við fjölda fólks sem glímur við afleiðingar efnahagshrunsins, viðbrögð vegna náttúruhamfara, bæði hér heima og erlendis og það mikla starf sem sjálfbóðaliðar gegndu í þeim málum.

Stjórn félagsins hélt tólf fundi auk eins vinnufundar þar sem stefna félagsins og slæmar horfur varðandi tekjur félagsins voru á dagskrá sem í framhaldinu mun óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á forgangsroðun verkefna til framtíðar lítið. Benti hún fundarmönnum á að allar fundargerðir stjórnar væru birtar á sjálfboðaliðavefnum auk þess sem ítarlega ársskýrslu væri þar einnig að finna. Hvatti hún sjálfboðaliða til að lesa þær og fylgjast þannig með störfum stjórnarinnar.

Að svo búnu fór Anna stuttlega yfir nokkra helstu þætti í starfsemi félagsins s.s. viðbrögð félagsins við náttúruhamförunum vegna gosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli og alla þá vinnu sem sjálfboðaliðar inntu af hendi í því sambandi. Hún ræddi um verkefni í tengslum við efnahagshrunið og þá vinnu sem deildir hafa verið að vinna í samstarfi við sveitarfélög og aðra aðila í heimabyggð. Þar þar hæst verkefnið „Ungt fólk til athafna“ en alls hafa tæplega 400 ungmenni tekið þátt í því, og Rauðakrosshúsin og virknisetrin. Stjórn félagsins ákvað að verja allt að 30 milljónum króna úr varasjóði félagsins til verksins árin 2010 og 2011 og eru nú starfandi fimm virknisetur hjá deildum. „Í umræðunni er mikið rætt um aðferðina „maður á mann“ og má í því sambandi nefna heimsóknnavini, félagsvini atvinnuleitenda og innflytjenda sem Garðabæjardeild var fyrst til að setja á stofn“ sagði Anna. „Hjálparsíminn 1717 leikur kjölfestuhlutverk við að leiðbeina fólki og finna úræði til handa þeim sem eru í þrengingum en Hjálparsímanum bárust tæplega 28 þúsund símtöl þar af ríflega 9000 þúsund vegna sálræns stuðnings“.

Einstaklingsaðstoð var eitt af umfangsmestu verkefnum deildanna fyrir jólin. Þó upphæðin sem fór til verkefnisins hafi lækkað á milli áruna 2010 og 2011 þá stafar það líklegast af því að víða hafa verið stofnaðir styrktar- og velferðasjóðir sem aðilar greiða nú beint til í stað Rauða krossins áður, sagði Anna.

Skípaður var sérstakur vinnuhópur til að endurskoða einstaklingsaðstoðina með það að markmiði að samræma verklag og fagmennsku. Stjórn félagsins samþykkti tillögur vinnuhópsins á fundi sínum í gær.

Fatasöfnunin er án efa stærsta umhverfisverkefni Rauða krossins og um leið ein af mikilvægustu tekjumöguleikum Rauða krossins. Alls skilaði sala á fatnaði 60 milljónum króna í Hjálparsjóð á árinu. Fatnaði var úthlutað til um tvö þúsund einstaklinga og að auki til fangelsa og heilbrigðisstofnana. Magn fatnaðar heldur áfram að aukast og rekur félagið ellefu verslanir víða um land og einnig þar er aukning. Alls voru flutt út 903 tonn af fatnaði á síðasta ári.

Föt sem framlag er vaxandi verkefni og í mikilli þróun og er starfshópur að vinna að þeim málum.

Einnig var settur á fót vinnuhópur til að endurskoða fataverkefnið og var tillaga hans samþykkt á stjórnarfundinum í gær. Í stuttu máli má segja að framlag til Hjálparsjóðs lækkar, en í staðinn mun framlag fara til Hjálparsímans og munu deildir því ekki þurfa lengur að leggja 8% af kassatekjum sínum til hans.

Í samræmi við umhverfisstefnu félagsins er fylgst með losun koltvísýrings vegna bílaflota félagsins en hún var 600 tonn á árinu og vegur þar þýngst aukning í sjúkraflutningum.

Könnunin „Hvar þrengir að“ var gerð í fjórða sinn og samkvæmt henni búa fimm hópar við mesta berskjöldun í íslensku samfélagi, þeir eru: atvinnuleitendur, barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar, innflytjendur, öryrkjar með börn og ungt fólk sem skortir tækifæri. Í fyrsta skipti síðan Rauði krossinn fór að gera kannanir á því hvaða hópar samfélagsins standa hvað verst eru þeir sem búa við geðræn vandamál ekki þar efst á lista og því spurning hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða aðkomu félagsins að þeim málaflokki. Í könnuninni kemur fram að innflytjendur skortir mjög félagsnet, hælisleitendur og flóttamenn búa við hvað mesta berskjöldun. Fjölmörg verkefni eru í gangi hjá félaginu sem ganga út á að rjúfa félagslega einangrun.

Athyglisvert verkefni á vegum Reykjavíkureildar er „skaðaminnkun“, eða heilsugæsla á hjólum. Þar er verið að auðvelda jaðarhópum aðgengi að heilbrigðisþjónustu og nýttu 70 einstaklingar sér þessa þjónustu á síðasta ári í 170 komum. Þrjátíu hjúkrunarfræðingar sinna verkefninu í sjálfboðavinnu.

Rúmlega 14 þúsund komur eru skráðar í athvörf Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir og gistinætur í Konukoti voru 1.784. Starf heimsóknvina er öflugt og fer vaxandi.

Ungmennastarf er umfangsmikið hjá ýmsum deildum og er þróunin sú að ungt fólk kemur meira að almennum verkefnum deildanna. Víða um land heimsækja deildir skóla og kynna starf Rauða krossins og stuðla að aukinni þekkingu á skyndihjálpi. Nokkrir framhaldsskólar bjóða uppá áfanga sem tengjast sjálfboðnu starfi.

Gríðarlegar hamfarir urðu í einu af fátækustu ríkjum heims, Haítí þar sem 220 þúsund manns létu lífið og um 300 þúsund slösuðust auk þess sem 2,3 milljónir misstu heimili sín. Sjálfboðaliðar Rauða krossins unnu í kappi við tímann við að setja saman skyndihjálparpakka til að senda til Haítí og vann Rauði kross Íslands þar mikið og gott starf, en alls fóru 27 sendifulltrúar þangað til starfa. Alls söfnuðust hér á landi 85 milljónir vegna hamfaranna á Haítí. Fyrir 10 milljóna króna framlag frá utanríkisráðuneytinu mun Rauði kross Íslands starfa að

tveggja ára verkefni í sálrænum stuðningi í einu af úthverfum Port- au- Prins, höfuðborgar Haítí. Hamfarirnar á Haítí voru ekki þær einu. Harður jarðskjálfti varð einnig í Chíle, víðáttumikil flóð urðu í Pakistan og fóru tveir sendifulltrúar frá Rauða krossi Íslands þangað til starfa.

Rauði kross Íslands hélt úti öflugum neyðar- og þróunarstarfi á helstu áherslusvæðum sínum, ýmist einn eða í samstarfi við aðra, og má þar nefna skjólstaðinga í Malaví, Sierra Leone auk sálræns stuðnings við stríðshrjád börn í Palestínu þar sem að allt að 44 þúsund börn hafi notið þeirrar þjónustu frá upphafi.

Kynning og fjáröflun er mikil hluti af starfi félagsins, Rauða krossins var getið 287 sinnum í ljósvaka-og prentmiðlum á árinu, þar af 84% vegna starfa innanlands og 14% erlendis. Tvö þúsund og fimm hundruð sjálfboðaliðar Gengu til góðs síðastliðið haust og var vel tekið á móti þeim þó svo að minna fjármagn hafi safnast en áður, því greinilegt var að fólk hafði minna milli handanna en vildi samt leggja sitt að mörkum. Alls safnaðist 21 milljón króna. Styrktarmönnum fjölgaði á árinu og heita þeir nú „mannvínir“. Tombólubörn voru iðin að vanda og söfnuðu 550 börn í heildina einni milljón króna, sem verður að teljast góður árangur hjá þessum ungu sjálfboðaliðum.

Fengu þau klapp að launum frá fundarmönnum.

„Starfið var blómlegt á síðasta ári og tæki upptalning á því öllu of langan tíma“ sagði Anna og bætti við: „Þó svo að meiri þörf sé nú á aðstoð hér heima megum við ekki gleyma bræðrum okkar og systur erlendis sem búa við erfið skilyrði.“

Að lokum þakkaði formaður stjórn og starfsfólki fyrir gott og óeigingjart starf á síðast ári, en sagði jafnframt að stuðningur almennings skipti höfuðmáli.

Fundarstjóri lagði til að klappað yrði fyrir þeim sem gerðu þetta mikla starf að veruleika.

Orðið var síðan gefið laust um skýrslu formanns. Enginn tók til máls.

## **6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.**

*-Einar Sigurðsson, gjaldkeri stjórnar Rauða kross Íslands, lagði fram reikninga félagsins fyrir árið 2010 og skýrði þá.*

Gjaldkeri þakkaði í upphafi gestrisni Suðurnesjamanna.

Allar deildir hafa fengið ársreikning félagsins og samstæðureikning alls félagsins sem endurspeglar þá erfiðleika sem við er að glíma í íslensku samfélagi í dag. Tvennt segir hann megineinkenni á reikningnum. Annað er að félagið er mjög sterkt fjárhagslega sem er ekki síst að þakka vökulu starfi framkvæmda- og fjármálastjóra, og hitt að tekjulindir félagsins hafa gjörbreyst. Á árinu 2010 var taprekstur á félaginu, alls 76 milljóna halli var á samstæðureikningi, en þá var meðvitað gengið á sjóði félagsins vegna áherslu á að halda áfram þeim verkefnum sem þegar voru í gangi. Tapið var þó meira en gert var ráð fyrir, m.a. vegna minnkandi tekna og hækkandi gjalda. Gert er ráð fyrir að tapið tvöfaldist á þessu ári og geti orðið allt að því 200 milljónir króna, eða allt að 15% af veltu og því er komið að ákveðnum tímamótum. Gjaldkeri segir það augljóst að staldra þurfi við og leysa vandann í sameiningu, rýna í allt skipulag, starfsemi og verkefni, ekkert bendi til þess að á þessari þróun verði snúið við og fjárhagsumhverfið lagist á ný. „Rauði kross Íslands hefur góðar aðstæður til að gera þetta vegna þess hve starfið er gott og fjárhagurinn þó góður“ sagði gjaldkeri.

Einar benti á að kassatekjur verða sífellt minna hlutfall tekna félagsins. Bundnar tekjur eru því að aukast og svigrúmið sem kassarnir hafa gefið að minnka. Óbundnar tekjur sem voru 50 % árið 2008 eru komnar niður fyrir 30% á þessu ári. Það sem sé athyglisvert sé að 76 milljónir eru heildartap deilda og landskrifstofu, en í rauninni sé heildartapið nær 100 milljónum þar sem 20 milljóna hagnaður er af sjúkrabílasjóði vegna frestunar á endurnýjun bíla og búnaðar. Sá hagnaður sé þó ekki til frambúðar heldur muni hann verða notaður til endurnýjunar á næstu árum. Einar segir það því augljóst að gengið verður áfram á sjóði félagsins á þessu ári, en því verði að linna þar sem það gangi ekki til frambúðar.

Ef litið er á efnahagsreikninginn þá eru fastafjármunir félagsins að minnka, sagði Einar, m.a. vegna afskrifta og vegna frestunar á endurnýjun sjúkrabíla. Veltufjármunirnir eru að aukast m.a. vegna þess að aukið er við skuldir og gengið á eigið fé vegna tapsins. Nauðsynlegt sé að standa vörð um félagið því verið er að ganga of hratt á sjóði þess og veikja þar með stöðuna.

Undirliggjandi ástæður eru að á föstu verðlagi eru kassatekjurnar að minnka um mikið, eða 30%, frá 2008 að raungildi. Kassatekjurnar séu þá að verða lægsta hlutfall af tekjum sem við höfum séð um langa hríð. Frjáls framlög eru þó að aukast, og hafa ekki verið hærrí síðan 2005 þegar safnað var vegna hamfaranna við Indlandshaf. Árið 2010 söfnuðust 76 milljónir vegna Haiti. Fjármunatekjurnar sem hafa ásamt kassatekuum skapað okkur þægilegt rekstrarumhverfi hafa lækkað verulega undanfarið, sagði gjaldkeri.

Einar sagði að kassatekjurnar muni halda áfram að lækka næstu árin líkt og fjármagnstekjurnar og ekkert sem bendi til að það breytist. Hafa þurfi í huga að þegar hlutfall sölutekna og tekna annarra en kassa- og fjármagnstekna hækkar, þá sé kostnaðurinn við að afla þeirra einnig að hækka.

Gjöld og framlög til verkefna standa nokkuð í stað, en hlutfallslega hefur dregist meira saman í alþjóðastarfi vegna m.a. ástandsins innanlands. Sé horft á þetta út frá þróun í gjaldeyrismálum hafi framlag Rauða krossins til alþjóðaverkefna lækkað mun meira. Einar sagði að öll verkefni mikilvæg og verðug og skipta marga máli, en rekstarumhverfið bjóði ekki upp á að halda áfram á sömu braut. Rekstartalan árið 2010 er 76 milljónir í tap, en ætti í raun að vera nær 95 milljónir vegna sjúkrabíllanna. Samanburður milli ára, í rauntölum sýni að árið 2011 megi gera ráð fyrir að tapið tvöfaldist.

Gjaldkerinn ítrekaði að félagið sé sterkt þrátt fyrir allt og vel hafi tekist að koma fjármunum félagsins í skjól í hruninu. Hann sagði að það frjóa og öfluga sjálfboðastarf sem Rauði krossinn býi að geti unnið í sameiningu að því að gera félagið og verkefni þess betri og þar með sé um leið hægt að minnka aðkeypta vinnu til muna.

### Umræður um ársreikninga.

*Guðfinna Guðmundsdóttir* frá Hafnarfjarðardiel óskaði eftir orðskýringum og spurði hvort langtímakröfur séu samningar eða bundnir reikningar. Svar við því var að bæði eru þetta bundnir reikningar og verkefni sem samið hefur verið um til lengri tíma.

*Jón Sigurgeirsson* frá Reykjavíkureild spurði hvort rétt sé skilið að Rauði kross Íslands greiði 8% með sjúkrabílunum? Einar svaraði svo vera. Jón spurði hver rökin væru fyrir því. Einar svaraði að það sé samkvæmt ákvörðun Rauða krossins að taka þátt í að greiða þjónustuna samkvæmt samningum við stjórnvöld og talið samræmast hlutverki og ímynd Rauði kross Íslands að taka þátt í verkefninu. Það sé til endurskoðunar núna í samningaviðræðum við stjórnvöld.

Fleiri tóku ekki til máls og reikningar bornir undir fundinn. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

### Kaffihlé

Fundarstjóri lagði til að liðir 7 og 8 yrðu teknir saman, þ.e. fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs kynntar samtímis og umræða um báða liðina sameinuð. Það var samþykkt.

## 7. og 8. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu

*-Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri.*

Kristján hvatti fundarmenn til að skoða framkvæmdaáætlunina, en hún var send út með fundargögum. Verkefni verða í samræmi við stefnu félagsins og verður gerð grein fyrir þeim helstu. Líkt og áður eru innanlandsverkefni áberandi, en um leið mikilvægt að sinna skyldum á alþjóðavettvangi. Síðastliðin tvö ár hefur verið samdráttur í tekjum sem félagið hefur þurft að laga sig að, en reynt hefur verið að láta það bitna sem minnst á verkefnum, sagði Kristján. Sá tími sé liðinn og í ár séu breytingar sem koma niður á þjónustu; störfum á landsskrifstofu fari fækkandi og því miður þurfi að halda áfram á þeirri braut. Einnig muni kostnaðarhækkni koma niður á verkefnum.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjögur helstu yfirmarkmið í stefnu um verkefni landsfélagsins, deilda og svæða:

### „Fyrsta markmið

Margvíslegar leiðir verða farnar til að breiða út grundvallarmarkmið og mannúðarhugsjónir hreyfingarinnar. Áhersla verður lögð á að viðhalda góðu orðspori sem félag sem bregst fljótt við því orðspor og ímynd skipta höfuðmáli. Sýnileiki er þar stór þáttur og besta birtingarmynd hans er tengd starfi okkar og verkefnum. Því sé mikilvægt að við tryggjum að nafn Rauða krossins sé gott ávallt tengt verkefnum okkar og nafn félagsins komi t.a.m. alltaf fram í fréttáflutningi þar sem við erum að störfum. Rauði krossinn nýtur trausts stjórnvalda, meðal annars vegna umræðna um alþjóðlegt hjálparstarf, virkni í landsnefnd um mannúðarétt, útbreiðslu á þekkingu á Genfarsamningunum, auk kynningar deilda víða á landinu á starfi sínu.

Árið í ár er ár sjálfboðaliðans og mun Rauði krossinn nýta sér það til kynningar á vægi sjálfboðins starfs í samfélaginu. Málsvarahlutverki hælisleitenda og flóttamanna verður áfram sinnt, en þar höfum við verið að sjá jákvæðar breytingar á löggjöf, sem kalla á að endurskoða þarf aðkomu félagsins að málaflokknum.

Unnið verður að því að sett verði lög um Rauða kross Íslands, um merki Rauða krossins, Rauða hálfmánans og Rauða kristalsins í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Í kynningarvikunni í

haust verður lögð áhersla á að kynna hið fjölbreytta starf sjálfbodaliðans og vinnuframlag hans. Til þess að það sé hægt verða að liggja fyrir haldþærar upplýsingar og því mikilvægt að deildir haldi utan um þær tölur. Í lok vikunnar gefst svo þeim deildum sem vilja kostur á að safna fé sem þær geta nýtt að vild til hefðbundinna Rauða kross verkefna.

### **Annað markmið**

Lögð verður áhersla á að styrkja neyðarvarnir miðað við þann ramma sem unnið er eftir og undirbúin viðbrögð eftir því sem hægt er því áætlanir um viðbrögð og þjálfun vegna þess verða aldrei of mikil. Mikilvægi Hjáparásmans í neyðaraðgerðum og stuðningi hefur sannað sig og sýna innhringingar það glögglega.

Rekstrarsamningur við ríkið um rekstur sjúkrabíllanna rann út árið 2010 og var gerður bráðabirgðasamningur til þriggja mánaða og er því enginn samningur í gildi sem stendur. Fyrir liggur vilji ríkisvaldsins til að fækka sjúkrabílum, en loforð er fyrir því að ákvörðun um staðsetningu og fjölda sjúkrabíla verði unnin í samstarfi við Rauða krossinn en ekki að heilbrigðisstofnanir ráði því eingöngu. Ákvörðunarvald er endanlega í höndum Velferðarráðuneytisins. Dregið var úr endurnýjun á sjúkrabílum á síðasta ári.

Neyðaraðstoð erlendis verður með svipuðum hætti og áður. Verkefnið „Föt sem framlag“ er í miklum vexti og fleiri tegundir af fatapökkum fyrir eldri börn bætast við.

### **Þriðja markmið**

Unnið verður áfram við að draga úr félagslegri einangrun og styrkja þróunarsamvinnu.

Starf heimsóknavina mun áfram vera þar sterkur þáttur en um fjörutúf deildir eru með það á verkefnalista sínum. Auk þess vinna deildir að margvíslegum verkefnum til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og styðja einstaklinga á öllum aldri.

Rauðakrosshús eru rekin hjá fimm deldum ýmist við að virkja atvinnuleitendur eða að draga úr hættu á einangrun þeirra, en ungir atvinnuleitendur standa hvað höllustum fæti í samfélaginu ásamt innflytjendum. Stuðningi við unga atvinnuleitendur verður haldið áfram í nánú samstarfi við Vinnumálastofnun en hluti verkefnisins er greiddur af Vinnumálastofnun.

Þróunarstarf mun áfram byggja mest á samstarfi við landsfélög og stuðningi við þau, fyrst og fremst til að gera þau hæfari til að veita þjónustu á sviði umönnunar, að áætlanagerð verði raunhæf og að endurskoðað verði með tilliti til árangurs og hagkvæmni. Stutt verði við verkefni á svonefndum gleymdum svæðum í austanverðri Evrópu og má þar nefna stuðning Rauða krossins í Hvíta Rússlandi gegn mansali og svæðið umhverfis Chernobyl.

### **Fjórdá markmið**

Sjálfbodaliðum fjölga hjá félaginu ár frá ári og markmiðið er að hópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Efnahagsþrengingarnar kalla á meiri þörf fyrir sjálfbodlið starf og er gjarnan horft til Rauða krossins sem forystuafli í þeim málum. Fjáröflun er hluti af vel starfandi landsfélagi. Deildir fara fjölbreyttar leiðir í þeim málum, t.d. með nytjamörkuðum og styrkumsóknum í sjóði og til fyrirtækja. Ekki má gleyma stórkostlegum árangri tombólubarna. Stefnt er að því að fjölga sérstökum styrktarmönnum, „Mannvinum“, um eitt þúsund á árinu. Rauði krossinn er viðbragðsaðili í neyð og mikilvægt er að skrá þá einstaklingsaðstoð sem við veitum því til þess að við getum vænst stuðnings frá utanaðkomandi aðilum þurfum við að geta veitt viðunandi upplýsingar hvert og í hvað aðstoðin er að fara.

Á undanförunum árum hefur fjárhagsáætlunin verið endurskoðuð í júní ár hvert en sakir þess hve tekjuforsendur hafa breyst, var lögð áhersla á að endurskoða áætlunina nú fyrir aðalfund. Því er það að sú áætlun sem fundarmenn fengu senda með fundargögnum er ekki sú áætlun sem kynnt er í dag heldur endurskoðuð áætlun sem afgreidd var á stjórnarfundum í gær og var dreift með fundargögnum í prentuðu formi. Áætlunin gerir ráð fyrir 98.3 milljóna halla, þar af fær sjúkrabílasjóður 10 milljónir sem eru skil á rekstrarafgangi hans frá síðasta ári.

Kassatekjurnar, helstu tekjur sem félagið hefur stjórn á hvernig er ráðstafað en nær allar aðrar tekjur eru eyrnamerkar til ákveðinna verkefna, hafa lækkað ört eins og fram hefur komið.

Hallinn á rekstri sjúkrabíllanna er 3.5 % af tekjum og af rekstri landsfélagsins 10.3 %. Muninn á rauntölum 2009 og 2010 má skýra með því að kassatekjurnar lækka, tekjur af sölustarfsemi (námskeiðum) hækka, samningsbundin verk við stjórnvöld hækka og þar ber hæst verkefnið Ungt fólk til athafna en einnig lækkar kostnaður við sjúkrabíla. Kristján skýrir misvísandi tölur sem safnast hafa vegna Haítí, en alls söfnuðust 85 milljónir en hluti af því kom á þessu ári. Framlög frá ríkinu eru ekki á áætlun þar sem þau eru ekki örugg, né Göngum til góðs sem eru ekki inn í áætlun. Söfnun vegna einstaklingsaðstoðar er heldur ekki inn í tölunum, en þar kemur væntanlega fjármagn inn.“

Þá snýr Kristján sér að gjaldaliðunum.

„Breytingar á innanlandsverkefnum skýrast fyrst og fremst vegna Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum sem er kostnaður sem kom einu sinni inn og vegna jólaaðstoðar. Smávægileg lækkun er vegna svæðisskrifstofa og félagsvina en á móti kemur hækkun á launaliðum vegna kjarasaminga. Einnig mun sá samdráttur sem varð á endurnýjun sjúkrabíla á síðasta ári verða okkur dýrari í ár.

Alþjóðleg verkefni eru beintengd fjáröflun og sveiflast samkvæmt því.

Kristján ítrekar að margt sé hægt að gera til sparnaðar til skemmri tíma sem gangi ekki til lengri tíma og gæti mögulega komið í bakið á félaginu síðar. Samkvæmt áætlunum deilda þá áætla 36 deildir að reka sig með halla á árinu 2011. 52% halli er á stærstu sex deildunum, en 20% á öðrum deildum. Minnsti hallinn er 1% en sá mesti 302% af tekjum. Ákveðið var að hætta að verðbæta varasjóðinn til skemmri tíma árið 2009, en sú ákvörðun hefur nú verið staðfest til lengri tíma.“

Kristján minnti á að Rauði krossinn getur vegna reynslu brugðist skjótt við og verið stoð í samfélaginu. Á því sé orðsporið byggt. Væntingarnar séu miklar og þeim þurfi að mæta með ábyrgð. Því þurfi að forgangsraða, en ávallt með það að markmiði að sinna þeim sem eru berskjaldaðir. Þar skipti mestu að verkefnið sé unnið, ekki hvar það sé unnið. Landskrifstofa, deildir, svæðasamstarf séu ekki og megi aldrei verða aðalatriðið. Félagið þurfi að spyrja sig hreinskilnislega hverjar áherslurnar eigi að vera og nýta tækifærið í þessum breytingum til að aðlaga félagið og skipulag þess. Það sé svigrúm til þess á næstu árum vegna þeirra sjóða sem til eru, en tímenn verði að nota til þess að stilla starfsemina af.

### Umræður eftir áætlanir

*Ingibjörg Ásgeirsdóttir* frá Hafnarfjarðardeild þakkaði Kristjáni og sérstaklega fyrir framkvæmdaáætlunina sem sé gott vinnuplagg fyrir allar deildir. Spurði hvort í rekstraráætlun væri gert ráð fyrir fjáröflun vegna fatasöfnunar.

Kristján svarði að í áætluninni sé fataverkefnið ekki inn þar sem það sé ekki landsverkefni og standi enn sjálfstætt þar sem endurskoðuninni sé aðeins að ljúka núna. Í samstæðureikningum sé fataverkefnið hluti af uppgjöri frá deildum.

*Hádegisverðarhlé*

### 9. Breytingar á árgjaldi

*-Gunnar Frímannsson, varaformaður*

Tillaga um að aðalfundur Rauða kross Íslands 2011 samþykki að hækka árgjald (félagsgjald) í 2000 krónur frá og með árinu 2012.

Gunnar segir að eðlilegt þyki að nú þegar tekjur félagsins séu að dragast saman sé horft til leiða til að afla tekna. Félagsgjaldið sé ein þeirra leiða. Verðlag hafi hækkað a.m.k. 30% síðan gjaldið var síðast hækkað árið 2005.

Gunnar benti á að þrátt fyrir að 800 krónur virðist mikil hækkun í einu lagi þá sé vandfundið það félag sem hafi lægra árgjald en Rauði kross Íslands.

*Engar umræður voru um tillöguna og hún samþykkt samhljóða.*

### 10. Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur lágu fyrir.

### 11. Kosning formanns samkvæmt 7. gr.

*Kjör formanns fer ekki fram þar sem Anna Stefánsdóttir var kosin til tveggja ára á aðalfundi 2010.*

### 12. Kosning annara stjórnarmanna og varamanna samkvæmt 7. gr.

*-Árni Þorgilsson úr kjörnefnd kynnir tillögur kjörnefndar.*

Í kjörnefnd 2011 voru Pálín Dögg Helgadóttir fyrrverandi stjórnarmaður, Árni Þorgilsson formaður Rangárvallasýsludeildar og Katrín Matthíasdóttir formaður Garðabæjardeildar.

Kjörnefnd leggur til að Einar Sigurðsson, Halldór U. Snjólaugsson, Jón Þorsteinn Sigurðsson, Sólveig Reynisdóttir og Stefán Yngvason verði öll endurkjörin til tveggja ára þar sem þau hafa öll gefið kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Kjörnefnd leggur einnig til að í stað Gísla Pálssonar fyrsta varamanns sem ekki gefur kost á sér verði Ragna Árnadóttir kjörin sem fyrsti varamaður í stjórn til eins árs. Jafnframt er lagt til að Ágústa Ósk Aronsdóttir verði endurkjörin til eins árs sem 2. varamaður.

*Aðrar tillögur um stjórnarmenn komu ekki frá fundarmönnum. Tillögurnar samþykktar samhljóða.*

### **13. Kosning tveggja skoðunarmanna**

*Árni Þorgilsson úr kjörnefnd kynnir tillögur kjörnefndar.*

Kjörnefnd leggur til að Ólafur Reimar Gunnarsson og Sigrún Camilla Halldórsdóttir verði endurkjörin skoðunarmenn Rauða kross Íslands til eins árs.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

### **14. Umræður um helstu stefnumál og markmið:**

#### **Ný stefna Rauða kross Íslands 2011-2020**

*-Anna Stefánsdóttir, formaður, kynnti stefnuna og mælti fyrir tillögu um samþykkt hennar ásamt tveimur fulltrúum stefnuhóps, þeim Ragnheiði Kristiansen og Árna Þorgilssyni.*

Í kjölfar samþykktar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans á nýrri stefnu til ársins 2020, á fundi sínum í nóvember 2009, ákvað stjórn landsfélagsins að móta nýja stefnu fyrir Rauða kross Íslands til ársins 2020. Hvatti Anna alla til að kynna sér stefnu Alþjóðasambandsins, en hún hafi verið þýdd á íslensku og fylgi fundargögnum.

Á fundi sínum þann 27. apríl sl. ákvað á stjórn að leggja svohljóðandi ályktun í fyrir aðalfund félagsins 2011:

„Aðalfundur Rauða kross Íslands haldinn í Reykjanesbæ 21. maí 2011  
*samþykkir* stefnu Rauða kross Íslands til 2020,  
*hvetur* eindregið til að félagið starfi í fullu samræmi við stefnuna og að hún verði sjálfbodaliðum og starfsmönnum aðgengileg og kunn,  
*felur stjórn* Rauða kross Íslands að semja leiðbeiningar um framkvæmd stefnunnar og árangursviðmið í samstarfi við deildir.  
*leggur til* að stefnan verði endurskoðuð fyrir aðalfund 2015“.

Anna sagði formannafundinn árið 2010 hafa markað upphaf endurskoðunarinnar. Hún sagði frá vinnu við stefnu félagsins sem unnin var með hliðsjón af nýrri stefnu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Þar er m.a. lögð áhersla á að eining ríki innan hreyfingarinnar, að öll landsfélög skipuleggi störf sín í samræmi við grundvallarmarkmið Rauða krossins og að slík liðsheild sé grundvöllur öflugrar starfsemi hreyfingarinnar. Þá er lögð áhersla á að sterk ímynd styrki stöðu Rauða krossins og að með sterkri stöðu geti hreyfingin gert meira, gert betur og náð til fleiri og að jafnrétti sé haft að leiðarljósi í öllu starfi Rauða krossins.

Myndaður var starfshópur sem í átta sæti auk formanns og framkvæmdastjóra, einn fulltrúi úr stjórn, einn fulltrúi frá hverju svæði, fulltrúi URKÍ og einn fulltrúi utan félags. Fulltrúar í vinnuhópnum sátu átján fundi með deildafólki víðsvegar á landinu og þakkaði Anna sérstaklega 200 sjálfbodaliðum og starfsmönnum vinnu sem lögð var í endurskoðun stefnunnar, en stefnan er fyrst og fremst byggð á tillögum sjálfbodaliðanna. Hún segir það hafi komið starfshópnum á óvart hversu mikill samhljómur var í sjálfbodaliðunum um allt land. Anna benti á mikilvægi þess að Rauði krossinn sé eitt félag og liðsheild sé grunnur að öflugu starfi um allt land. Að auki sagði Anna að efla mætti mörg verkefni þrátt fyrir samdrátt í tekjum og ítrekaði mikilvægi þess að aðlaga sig síbreytilegum aðstæðum. Einnig væri hægt að draga sig út úr verkefnum þar sem aðrir væri e.t.v. betur til þess fallnir að taka þau að sér.

Anna talaði um það sem hæst bar í stefnumótunarvinnunni og nefndi í því sambandi þann mannauð sem felst í sjálfbodaliðum og starfsfólki. Einnig var umræðan og áherslan á sýnileika Rauða krossins áberandi um land allt. Þar geta allir lagt sitt af mörkum með því að vera ávallt merkt við störf í félaginu.

Stefnan skiptist í þrjá kafla:

*Vel starfandi landsfélag.*

*Neyðarvarnir vegna áfalla og hamfara.*

*Mannúð og félagslegt öryggi.*



„Félagið okkar nýtur ákveðinnar sérstöðu og sýnileiki er því mikilvægur“, sagði Anna. Nauðsynlegt sé að sjálfbóðaliðar beri merki félagsins og að samræmt útlit sé á kynningarefni. Fjármálin verða í brennidepli og stefnt sé að hallalausum fjárlögum 2014 og verkefnum verði forgangsraðað.

*Árni Þorgilsson* frá Rangárvallarsýsludeild tók við og fjallaði um neyðarvarnirnar. Hann minnti á að Rauði krossinn var stofnaður til að bregðast við neyð og hefði mikla reynslu í því að bregðast skjótt og vel við. Hann tryggði öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð á Íslandi, sem byggja á vel þjálfuðum sjálfbóðaliðum um allt land. Þakkaði hann gott starf í gosinu í Eyjafjallajökli meðal annars því að ekki löngu áður höfðu verið stórar æfingar á svæðinu og allir því meðvitaðir um hættuna og viðbrögð við hamförum. Neyðaraðstoð erlendis sé eitt af mikilvægustu hlutverkunum og á erlendum vettvangi séu sendifulltrúar Rauða kross Íslands mikils metnir.

*Ragnheiður Kristiansen* frá Héraðs- og Borgarfjarðardeild ræddi um mannúð og félagslegt öryggi. Lagði hún áherslu á að Rauði krossinn starfaði með þeim sem eru félagslega berskjaldaðir og með öðrum hjálparsamtökum og stjórnvöldum til að sinna því hlutverki sem best. Rauði krossinn leggi höfuðáherslu á félagslegt öryggi berskjaldaðra út frá grundvallarshugsjónunum. Í hjálparstarfi séu Genfarsamningarnir grundvallaratriði gagnvart stjórnvöldum og þrátt fyrir að samskipti við stjórnvöld hvíli mikið á landskrifstofunni þá sagði Ragnheiður mikilvægt að heima í héraði væru deildir einnig í miklu og góðu sambandi við yfirvöld. Þá sagði hún að það skipti sköpum að deildir geri þarfagreiningu til þess að geta metið þörfina sem bregðast á við og bregðist þannig við þar sem þörfin er mest í hverju samfélagi fyrir sig.

#### Umræður um stefnuna

*Ingibjörg Ásgeirsdóttir* frá Hafnarfjarðardeild bað um orðið og vildi færa stuðning fyrir þeirri tillögu að stjórn Rauði kross Íslands sé falið að fara í vinnu við að aðlaga starfið og verkefnið að stefnunni sem og endurskoðuninni 2015.

Lýsti hún ánægju sinni með upplýsingarnar sem komu til nefndarinnar áður en vinnan við stefnumótunina fór fram. Hún sagði jafnframt að orð á borð við efla, styrkja, standa vörð, hvetja, skrá, setja markmið, auka og þróa væru áberandi í stefnunni og mættu verða meira áberandi í útfærslu á framkvæmdinni. Auk þess mætti koma oft fram að félagið sé framsækið og leiðandi, það sé mjög gott atriði. Hún gagnrýndi að staðhæfingar séu hafðar í stefnunni, s.s. að íslenskir sendifulltrúar séu mikils metnir, og lagði til að í stað þess séu sett markmið að þeir verði ávallt mikils metnir. Ingibjörg gagnrýndi einnig að atriði sem viðkomu „heilbrigði“ hafi verið tekin út og hugtakið sé ekki sjáanlegt í stefnunni. Ingibjörg hvatti til þess að meiri áhersla sé lögð á þau góðu atriði sem koma fram í stefnunni, t.d. með Hjálparsímann 1717 og að mikilvægt sé að hnekkja betur á því að reglulega þurfi að gera þarfagreiningu og hafa um það tímaramma. Í heild mætti framkvæmdaáætlun og stefnan vera meira hvetjandi og skýrari fyrir þá sem starfa í grasótinni og eiga að vinna eftir henni.

*Gunnlaugur I. Grétarsson* úr Reykjavíkurdeld tók til máls, en hann er einnig formaður HIV Ísland. Hann segir að í stefnunni sé tekin fram aðstoð við alnæmissjúka og fjölskyldur þeirra en ekki sé sérstaklega fjallað um HIV jákvæða og spurði því hvort aðstoðin takmarkaðist við alnæmissjúka. Hann spurði hvort aðstoð við HIV jákvæða sé ekki á áætlun því þetta sé mun stærri hópur og þarna sé um allt aðrar aðstæður að ræða og aðra sjúkdómsgreiningu. Sagði mikilvægt að hafa þetta rétt. Gunnlaugur spurði hvort Rauði kross Íslands, sem ætli sér að vera leiðandi í mannúðarmálum, hafi í hyggju að gerast aðili að Rómarsáttmálanum sem er framúrstefnulegur í málsvastarfi og málefnum fíkla og fanga í heiminum, þ.e. sérstaklega í málum tengdum fíkniefnum. Gunnlaugur benti á að samhliða hvatningu til að vera merktir Rauða krossinum við störf sín þurfi aðgengi sjálfbóðaliða að fatnaðinum að vera mun betra og hvatti til betra aðgengis að merktum fatnaði.

*Sigrún Gerða Gísladóttir* þakkaði fyrir viðurkenninguna sem hún hlaut. Hún kvaðst vinna innan heilbrigðisgeirans og lýsti vonbrigðum með að orðið „heilbrigði“ hafi verið tekið út úr stefnunni. Hún sagði hugtakið hafa mjög víða skilgreiningu og þar sé átt við líkamlegt og andlegt heilbrigði í senn svo og vellíðan. Hún óskaði eftir skýringum á þessu. Hún hvatti til þess að orðið framsækni yrði notað meira í stefnunni.

*Stefán Ingvason* formaður Reykjavíkurdeldar sagði gott að fá bæði stefnuna sem hefur verið staðfærð sem og stefnu alþjóðasambandsins. Hann hrósaði framsetningunni á stefnunni og sagði hana mjög aðgengilega og skiljanlega. Stefán tók undir með Sigrúnu með að sakna orðsins heilbrigði úr stefnunni. Hann benti á að innan félagsins séu verkefni sem séu heilbrigðisverkefni, í það minnsta heilbrigðisforvarnaverkefni, t.d. nýja verkefnið Frú Ragnheiður sem sé skaðaminnkunarverkefni og vissulega heilbrigðisverkenfi. Það sama eigi við um Hjálparsímann 1717 og sjúkraflutninga.

Stefán sagði stefnuna vel fram setta, skýra og myndræna og gott að hafa þar varagla um að ýmsu sé einungis hægt að framfylgja ef fjármagn fái til. Hann nefndi nokkur orð sem séu nýleg í stefnunni og þar séu

orðskýringar sem hjálpi, þær hjálpi okkur einnig að hafa sameiginlegan skilning á t.d. neyðaraðstoð. Stefán nefndi sérstaklega orðið „grundvallarhugsjónir“ sem sé fallett og lýsi vel því sem átt er við. Hann sagði orðið „berskjöldun“ hafa farið fyrir brjóstið á mörgum, en það sé lýsandi og venjist vel. Þetta sagði Stefán vera stefnu sem allir geti lesið og lýsti sérstakri ánægju sinni með hvernig hún var unnin og aðkomu sjálfboðaliða um allt land.

*Guðbjörg Sveinsdóttir*, Kópavogsdeild, þakkaði fyrir góðan fund. Hún var sammála Sigrúnu um að sakna heilbrigðishugtaksins úr stefnunni og lagði til að sameina hugtökin heilbrigði og félagslegt í hugtakið velferð líkt og hjá hinu opinbera. Hún mótmælti því að geðfatlaðir séu ekki þeir sem verst eru staddir í samfélaginu, þeir eigi erfitt með að ná bata þegar stöðugur niðurskurður er og örorkubætur dugi illa fyrir lyfjum. Hún hvatti til þess að félagið fari varlega í að setja fram þessar niðurstöður kannana þar sem fordómar hafi ekki minnkað heldur aukist gagnvart þeim sem eru geðfatlaðir og þar megi Rauði krossinn gera meira í málsvarastarfi sínu, þó margt gott hafi verið gert í málaflokknum. Guðbjörg kallaði eftir skýrum svörum og stefnu um framkvæmdir varðandi athvörfin því að þó svo að það komi fram í fjárhags- og framkvæmdaáætlun að halda rekstrinum áfram þá liggi það í loftinu að hið opinbera taki við. Hún gagnryndi að Rauði krossinn stæði að málþingi með einungis einum aðila, Hlutverkasetri, en ekki með fleirum úr geiranum. Rauði krossinn eigi að vera óháðari og sterkari en þetta.

*Guðfinna Guðmundsdóttir*, Hafnarfjarðardeild, tók undir með fyrri ræðumönnum um að stefnan væri mjög góð og plaggið gott og sagði jákvætt að þetta væri lifandi skjal sem hægt sé að endurskoða. Hún spurði hvort að um leið og rekstur félagsins verði hallalaus þá verði ekki lengur leyfilegt að ganga á sjóði sem félagið og deildir eigi og beri að eyða í verkefni Rauða krossins.

Aðrir óskuðu ekki eftir því að taka til máls um stefnuna.

*Jón Þorsteinn* stjórnarmaður sem sat í stefnunefndinni svaraði spurningum sem snúa að heilbrigðishugtakinu og sagði það hafa verið skýrt að sjálfboðaliðum fannst orðið mjög gildishlaðið. Nefndi Jón Þorsteinn til dæmis verkefnið Frú Ragnheiður þar sem vissulega væri verið að vinna að heilbrigði en einnig að vinna með fólki sem er mjög berskjaldað.

*Anna Stefánsdóttir* þakkaði ábendingar og spurningar. Anna kvaðst mjög ánægð með stefnuna þrátt fyrir að orðið heilbrigði væri ekki þar inni, en það sé samt sem áður tekið með án þess að hugtakið sjálft sé notað í kaflanum um félagslegt öryggi. Hún þakkaði ábendingu Gunnlaugs um Romarsáttmálann. Hún sagði Rauða kross Íslands hafa fylgt systurfélögum sínum á Norðurlöndum og ekkert þeirra sé aðili, en sagði að í framhaldi af tillögu hans yrði þetta atriði tekið upp í samstarfinu. Anna tók jafnframt fram í svari við spurningu hans varðandi HIV jákvæða að þeir sem haldnir séu ýmsum sjúkdómum séu innan stefnunnar sem berskjaldaðir, en einstakir sjúkdómar séu ekki nafngreindir.

Formaðurinn sagði í svari til Guðfinnu að ljóst væri að þrátt fyrir að nú séu sjóðir félagsins góðir þá dugi þeir ekki lengi ef félagið sé rekið með halla. Félagið í heild þurfi að reka hallalaust þar sem gjöld og tekjur séu í jafnvægi. Það muni þó áfram verða gengið á sjóði, kalli ástandið í samfélaginu á slíkt eins og gert hefur verið undanfarið. Hallareksturinn geti þó ekki verið ár eftir ár þar til sjóðir tæmist því þá verði ekkert eftir til að mæta áföllum.

Anna sagði Rauða krossins áfram vinna með jaðarhópum og það eigi líka við um geðfatlaða séu þeir skilgreindir sem slíkir. Formaður þakkaði formönnum Reykjavíkurdeildar og Hafnarfjarðardeildar fyrir innlegg þeirra um áframhaldandi vinnu við stefnuna.

*Tillaga stjórnar Rauða kross Íslands um stefnu félagsins til 2020 samþykkt samhljóða af fundarmönnum.*

### **Ár sjálfboðaliðans**

*-Ávörp fimm sjálfboðaliða.*

Fimm sjálfboðar sem starfa í verkefnum sögðu frá reynslu sinni og ástæðum fyrir því að þau eru sjálfboðaliðar. Öll fengu þau góðan hljómgrunn og mikið lófatak.

*Ásgerður Sveinsdóttir, Reykjavíkurdeild, er heimsóknavinur með hund ásamt því að vera hópstjóri/tengiliður hundavina í Reykjavíkurdeild. Hún kom með hundinn Cisko með sér.*

*Bergdís Kristjánsdóttir, Reykjavíkurdeild, heimsóknavinur og ein af tengiliðum heimsóknavina í Reykjavík.*

*Ófeigur Páll Vilhjálmsson, Reykjavíkurdæld, er sjálfboðaliði í heimanámsaðstoð.*

*Magnús Friðrik Guðrúnarson, Kópavogsdeild, er sjálfboðaliði í Enter og stjórnarmaður í URKÍ. Hann kom inn í Rauða kross starfið í gegnum sjálfboðaliðaáfangu í Menntaskólanum í Kópavogi.*

*Ingibjörg frá Akranesi er stuðningsaðili fyrir flóttafjölskyldu.*

*Muhamed Ali talaði um upplifun sína á að vera flóttamaður á Íslandi og kynni sín af Rauða krossinum.*

*Kaffihlé*

## 15. Önnur mál

*Arna Garðarsdóttir* Reykjavíkurdæld, úr stjórn URKÍ, sagði frá breytingum á ungmennahreyfingunni sem gerðar voru á síðasta landsfundi, þar á meðal fækkun fulltrúa í stjórn. Minnti á sumarbúðir URKÍ og auglýsti eftir skráningum.

*Jón Sigurgeirsson* frá Reykjavíkurdæld sagði frá litlu verkefni sem nýverið var stofnað eftir ósk frá djákna. Hann sagði að ekki hafi verið nægilega margir heimsóknavinir frá Rauða krossinum til að anna þjónustu á dvalarheimili fyrir aldraða. Margir eldir borgarar séu sjónðaprír og eigi erfitt með að lesa blöðin. Þeir séu tveir í þessu verkefni núna að lesa blöðin fyrir hóp af fólki og ræða fréttirnar. Upp úr þessu hafi margir komið til þeirra og sagst vilja taka þátt. Benti hann á að þetta virki sem félagslegt úrræði og ætti jafnvel heima víðar.

*Rúnar Helgason* Suðurnesjadeild lýsti ánægju sinni með ávörp sjálfboðaliðanna úr grasrótinni. Hann þakkaði einnig viðurkenningarnar sem veittar voru Suðurnesjadeild. Þakkaði einnig framkvæmdastjóranum fyrir að sýna fordæmi í að herða sultarólina og Sigrúnu fundarstýru fyrir að taka verkefnið að sér. Þá þakkaði hann stjórn Rauða krossins fyrir að þiggja heimboð deildarinnar og fundargestum fyrir komuna og þátttökuna. Minnti svo á opið hús hjá deildinni og hjá Fjölsmiðjunni eftir fundinn.

Fundarstýra bað gesti að fylla út matsblöð og síðan Önnu Stefánsdóttur formann Rauða kross Íslands að slíta fundi.

Formaður lýsti ánægju sinni með aðkomu sjálfboðaliða sem sinna grunnverkefnum frá degi til dags og þakkaði þeirra framlag. Hún hvatti til þess að sjálfboðaliðar skrifi stuttar sögur um sjálfboðaliðastarf sitt.

Hún bauð Rögnu Árnadóttur nýkjörinn varafulltrúa í stjórn velkomna og hóf nýjan sið þar sem hún hengdi merki Rauða krossins í barm hennar sem og á Sigrúnu fundarstýru.

Anna þakkaði fyrir góðan fund og sérstaklega fyrir stefnuna sem hún er mjög ánægð með. Mikil vinna sé framundan við að vinna úr stefnunni og stjórnin muni ganga til þess verks. Hún þakkaði Suðurnesjadeild fyrir móttökurnar og veitingarnar, starfsmönnum Rauða krossins fyrir undirbúning fundarins og Sigrúnu fundarstýru fyrir hennar framlag.

Anna sagði margar áskoranir framundan hjá félaginu, sjálfboðaliðum og starfsmönnum, en það verði ekki auðvelt og eigi líklega eftir að taka á að bregðast við á réttum tíma, á réttan hátt og á réttum stað, en í sameiningu muni félaginu takast sú vinna. „Sameiginlega getum við lyft Grettistaki og lagt grunninn að betra samfélagi. Við göngum til verkefna okkar með gleði og bjartsýni“ sagði Anna Stefánsdóttir að lokum.

Formaður sleit fundi kl. 16:00.